

Aðalfundur í Vátryggingafélagi Íslands hf.

verður haldinn 20. mars 2019.

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf. boðar til aðalfundar í félaginu sem verður haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 108 Reykjavík, miðvikudaginn 20. mars 2019. Fundurinn hefst kl. 16:00.

Drög að dagskrá frá stjórn eru svohljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2018.
2. Stjórnin leggur fram til afgreiðslu endurskoðaðan ársreikning félagsins fyrir hið liðna ár.
3. Ákvörðun um tillögu stjórnar um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs.
4. Tillaga um starfskjarastefnu sem inniheldur m.a. ramma um kaupakerfi.
5. Tillaga um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum skv. endurkaupaáætlun.
6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
7. Tillögur um breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar félagsins.
8. Ákvörðun um þóknun til stjórnar, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar.
9. Kosning til stjórnar félagsins.
10. Kosning endurskoðunarfélags.
11. Kosið til tilnefningarnefndar félagsins.
12. Tillaga um heimild félagsins til kaupa á eigin hlutum.
13. Önnur mál löglega fram borin

Endanleg dagskrá frá stjórn verður birt miðvikudaginn 6. mars 2019.

Hluthafar eiga rétt á að fá mál sett á dagskrá aðalfundar og leggja fram ályktunartillögur ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins, en eigi síðar en kl. 16:00 sunnudaginn 10. mars 2019. Hægt er að senda tillögur fyrir fundinn á netfangið stjorn@vis.is. Hluthafar geta lagt fram spurningar fyrir aðalfund á netfangið stjorn@vis.is eða á aðalfundinum sjálfum.

Einungis ef krafa kemur frá einhverjum fundarmanna verða atkvæðagreiðslur á aðalfundi skriflegar. Þó skal stjórnarkjör jafnan vera skriflegt ef tillögur koma fram um fleiri stjórnarmenn en kjósa skal. Stjórnarkjör fer fram skv. hlutfallskosningu eftir samþykktum félagsins nema réttmæt krafa um margfeldiskosningu komi fram frá hluthöfum sem hafa yfir að ráða meira en 10% hlutafjár, sbr. 7. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Vakin er athygli á ákvæði 19. gr. samþykktu félagsins um stjórnarkjör þar sem fjallað er um kynjahlutföll.

Samkvæmt 15. gr. a. í samþykktum félagsins er starfandi tilnefninganefnd hjá félaginu, sem gegnir ráðgefandi hlutverki við val á stjórnarmönnum. Nefndin birti auglýsingu í Fréttablaðinu þann 2. febrúar s.l. þar sem óskað var eftir tilnefningum eða framboðum til stjórnar félagsins. Nefndin mun birta rökstudda tillögu sína um samsetningu stjórnar ásamt skýrslu nefndarinnar eigi síðar en miðvikudaginn 6. mars n.k.

Fresti til að tilkynna um framboð til stjórnar á stjorn@vis.is lýkur fjórtán dögum fyrir aðalfund, nánar tiltekið miðvikudaginn 6. mars kl. 16:00. Framboðseyðublað má finna á vefsíðu félagsins. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða lagðar fram hluthöfum til sýnis í höfuðstöðvum eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund auk þess sem þær verða aðgengilegar á vefsíðu félagsins www.vis.is/fjarfestar.



Óskað er eftir framboðum til tilnefningarnefndar. Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í tilnefningarnefnd skulu tilkynna stjórn um framboð sitt skemmst fimm dögum fyrir hluthafafund á stjorn@vis.is. Framboðseyðublað má finna á vefsíðu félagsins. Stjórn mun fara yfir framboðstilkynningar og kalla eftir viðbótargögnum og upplýsingum eftir því sem þurfa þykir. Upplýsingar um framboðendur til setu í tilnefningarnefnd verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafundinn.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthafar geta óskað eftir því að fá atkvæðaseðla senda til sín og skal skrifleg beiðni þar um hafa borist til höfuðstöðva félagsins a.m.k. fimm dögum fyrir auglýstan aðalfund. Einnig geta hluthafar vitjað atkvæðaseðla sinna í höfuðstöðvum félagsins frá sama tíma eða greitt þar atkvæði. Aðilar sem eru eignaskráðir hluthafar í hlutaskrá skv. hlutaskrárkerfi félagsins þegar aðalfundur fer fram geta beitt réttindum sínum á aðalfundi. Hluthafar geta látið umboðsmann sækja fundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð, en form að umboði er aðgengilegt á heimasíðu félagsins. Tekið skal fram að umboð getur aldrei gilt lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess.

Hluthafar munu geta fylgst með fundinum með rafrænum hætti en hluthafar þurfa að sækja um aðgang hjá félaginu eigi síðar en kl. 12:00 á hádegi þriðjudaginn 19. mars 2019 til þess að nýta sér þessa lausn með því að senda póst á fjarfestatengsl@vis.is. Tekið skal fram að slíkt rafrænt áhorf jafngildir ekki mætingu á fundinn og veitir því ekki rétt til þátttöku í fundinum að öðru leyti, þ.m.t. atkvæðagreiðslum. Þeir hluthafar sem hyggjast neyta atkvæðaréttar síns á fundinum eru því hvattir til að mæta á fundinn eða láta umboðsmann sinn sækja fundinn fyrir sína hönd.

Aðalfundur er lögmaður án tillits til fundarsóknar ef hann er löglega boðaður.

Upplýsingar um tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins og greinargerð með þeim má finna í heild sinni á vefsíðu félagsins (www.vis.is/fjarfestar). Í stuttu máli lúta tillögurnar að eftirfarandi atriðum.

- Lagt er til að hlutafé félagsins verði lækkað vegna kaupa á eigin hlutum skv. endurkaupaáætlun.
- Lagt er til að breyting verði gerð á 3., 4., og 5. mgr. 12. gr. samþykktu félagsins þess efnis að heimilt verði að boða til hluthafafundar með auglýsingu í fréttakerfi Kauphallar, félaginu verði skylt að birta dagskrá, gögn og tillögur fyrir hluthafafund með þriggja vikna fyrirvara, frestur hluthafa til að fá mál tekin upp á hluthafafundi verði ákveðinn sem 10 dagar fyrir hluthafafund og að endanleg dagskrá og tillögur skuli birtar viku fyrir hluthafafund..
- Lagt er til að bætt verði við 7. tl. 13. gr. tilgreiningu þess að á dagskrá hluthafafundar sé að ákveða þóknun til undirnefnda stjórnar.
- Þá er lagt til að ákvæði 15. gr. a. sem fjallar um tilnefningarnefnd félagsins verði endurskoðað, samhliða því að starfsreglur tilnefningarnefndar eru endurskoðaðar.
- Lagt er til að framboðsfrestur til stjórnar verði færður úr 14 dögum í 5.

Fundarboð þetta, upplýsingar um heildarfjölda hluta og atkvæða á fundarboðsdegi, tillögur stjórnar til aðalfundar, ásamt umboðsformum eru nú aðgengileg á vefsíðu félagsins. Önnur gögn vegna aðalfundar, s.s. ársskýrsla félagsins, skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnu og enskar þýðingar fundargagna verða gerð aðgengileg eigi síðar en föstudaginn 15. mars n.k. á vefsíðu félagsins: www.vis.is/fjarfestar. Fundargögn verða afhent á fundarstað á íslensku og ensku en hluthafafundurinn fer fram á íslensku. Óski hluthafar eftir enskri túlkun á fundinum skal senda skriflega beiðni þess efnis á netfangið fjarfestatengsl@vis.is fyrir lok dags 13. mars 2019.

Reykjavík, 27. febrúar 2019
Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf